

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/987****2020/EES/5/54****frá 29. maí 2019****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 293/2012 að því er varðar vöktun á losun koltvísýrings frá nýjum
léttum atvinnuökutækjum sem hafa verið gerðarviðurkennd í fjölþrepa ferli (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum (1), einkum fyrstu undirgrein 9. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 293/2012 (2) er gerð krafa um að aðildarríkin sem og framleiðendur gefi skýrslu um tiltekin gögn um skráningu nýrra, léttra atvinnuökutækja samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 510/2011.
- 2) Prófunaraðferð fyrir létt ökutæki, sem samræmd er á heimsvísu (WLTP) og sett fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 (3), er ný, lögboðin prófunaraðferð til að mæla koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun léttra ökutækja sem mun, frá og með 1. september 2019, koma í stað nýju, evrópsku aksturslotunnar (NEDC), sem sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 (4). Sú breyting mun einnig hafa áhrif á aðferðafræðina til að ákvarða koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun ökutækja í flokki N1 sem eru gerðarviðurkenndar í fjölþrepa ferli (hér á eftir nefnd „fjölþrepa ökutæki“).
- 3) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 510/2011 skal sértækri losun koltvísýrings frá fjölþrepa ökutæki úthlutað framleiðanda grunnökutækisins. Til þess að gera framleiðanda grunnökutækis kleift að skipuleggja með skilvirkum hætti og með nægilegri vissu uppfyllingu markmiða sinna um sértæka koltvísýringslosun, tryggir aðferðafræðin að sú koltvísýringslosun og sá massi sem úthlutaður er þeim framleiðanda séu þekkt á þeim tíma sem framleiðslan og sala grunnökutækisins á sér stað og ekki aðeins á þeim tíma þegar framleiðandi lokapreps setur fullbúna ökutækið í áföngum á markaðinn.
- 4) Framleiðandi grunnökutækisins ætti að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um þau ílagsgildi sem notuð eru fyrir brúunarútreikninginn, sem um getur í lið 1a.1 í A-hluta II. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 510/2011, sem og koltvísýringslosunargildi og massagildi ófullbúna grunnökutækisins. Nota ætti þessi gildi til að reikna út sértæka meðaltalslosun framleiðanda grunnökutækisins og markmið hans um sértæka losun.
- 5) Framleiðendur ófullbúinna grunnökutækja, sem voru seld á næstliðnu almanaksári í því skyni að framleiðandi á seinna þrepi geti lokið við smíði þeirra, ættu að færa inn þau gögn sem tilgreind eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011 í viðskiptagagnasafn Umhverfisstofnunar Evrópu.
- 6) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 293/2012 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 160, 18.6.2019, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 324/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtíð. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 293/2012 frá 3. apríl 2012 um vöktun og skýrslugjöf gagna um skráningu nýrra, léttra atvinnuökutækja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 (Stjtíð ESB L 98, 4.4.2012, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi 3. og 4. mgr. bætast við 10. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 293/2012:

„3. Í þeim tilgangi að reikna út bráðabirgðamarkmiðin um sértæka losun og sértæka meðaltalslosun koltvísýrings til bráðabirgða og í þeim tilgangi að sannprófa ílagsgildin, sem notuð eru samkvæmt lið 1a.1 í A-hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 510/2011, skulu framleiðendur senda framkvæmdastjórninni, með rafrænum gagnaflutningi til gagnasafnsins sem Umhverfisstofnun Evrópu rekur, gögnin fyrir hvert grunnökutæki, sem fellur undir fjölþrepa gerðarviðurkenningu, sem þeir seldu á næstliðnu almanaksári í Sambandinu, eins og tilgreint er í lið 1c í A-hluta II. viðauka við þá reglugerð.

Senda skal gögnin með rafrænum gagnaflutningi til gagnasafnsins sem Umhverfisstofnun Evrópu rekur.

4. Leggi framleiðendur ekki fram ítarlegu gögnin, sem um getur í 3. mgr., skal reikna út bráðabirgðamarkmiðin um sértæka losun og sértæka meðaltalslosun til bráðabirgða á grunni ítarlegu gagnanna sem aðildarríkin leggja fram.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel 29. maí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
